

FYLGISEDILL

Oramec Drench vet. 0,8 mg/ml mixtúra, lausn handa sauðfé og geitum

1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR

Markaðsleyfishafi

Boehringer Ingelheim Animal Health France SCS
29 avenue Tony Garnier
69002 Lyon
Frakkland

Framleiðandi sem sér um lokasamþykkt

Merck Sharp & Dohme B.V.
Waarderweg 39
Harlem
Holland

2. HEITI DÝRALYFS

Oramec Drench vet. 0,8 mg/ml mixtúra, lausn handa sauðfé og geitum.
Ivermectin.

3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

1 ml inniheldur:

Virkt innihaldsefni:

Ivermectin 0,8 mg.

Önnur innihaldsefni:

Própýlenglýkól, pólýsorbit 80, benzýlalkóhól, tvínatríumfosfatdodecahýdrat, natríumdihýdrógenfosfatdihýdrat, eimað vatn.

4. ÁBENDING(AR)

Til meðferðar hjá sauðfé og geitum við lungnaormum og hringormum í meltingarvegi, sem og til meðferðar við lirlfum í nefholi sauðfjár.

5. FRÁBENDINGAR

Vera má að aðrar dýrategundir en sauðfé og geitur þoli ekki lyfið. Greint hefur verið frá dauðsföllum hjá hundum.

6. AUKAVERKANIR

Oramec Drench vet. þolist vel en vera má að sumar kindur hósti strax eftir meðferð. Hóstinn er skammvinnur og hefur engar afleiðingar í för með sér.

Gerið dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUND(IR)

Sauðfé, geitur.

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Gefa á lyfið til inntöku, með skammtadælu, í skammtinum 2,5 ml fyrir hver 10 kg líkamspunga (jafngildir 0,2 mg af ivermectini fyrir hvert kg líkamspunga).

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Gefa á lyfið með þar til ætlaðri skammtadælu.
Meðhöndla má ær hvenær sem er á meðgöngunni.
Gefa má lyfið sauðfé á öllum aldri.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Sláturafurðir
Sauðfé: 6 dagar.
Geitur: 8 dagar.

Ekki má meðhöndla dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Notið ekki eftir fyrningardagsetningu á merkimiða og ytri umbúðunum.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Notið hlífðarhanska.
Reykið hvorki né borðið á meðan unnið er með lyfið.
Þvoið hendur eftir notkun.
Ivermectin er eitrad fiskum og öðrum vatnalífverum.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Ekki má fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp.

Leitið ráða hjá dýralækni um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

Júlí 2020.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Oramec Drench vet. er í pakkningum úr pólýetýleni sem henta til að bera á bakinu. Pakkningarnar innihalda 1 lítra, 2,5 lítra og 5 lítra.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Ef óskað er upplýsinga um þetta dýralyf, vinsamlegast hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa:

Vistor hf.
Hörgatún 2
210 Garðabæ.